

Námsáætlun fyrir náttúrugreinar - 7. bekkur
Skólaárið 2018 – 2019



Kennari: Jóhanna Pálsdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Geta til aðgerða og ábyrgð á umhverfinu</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið afstöðu til málefna sem varða heimsbyggð með því að veга og meta ólíka kosti • Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir • Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltu aðgerðum sem varða eigið umhverfi • Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa • Gert grein fyrir eigin lífsýn og skilning á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama • Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni 	<p>Nemendur vinna verkefni í stórum og litlum hópum þar sem þau gera grein fyrir mikilvægi náttúruverndar. Gera plaköt eða koma efninu frá sér á annan hátt.</p>	<p>Hópverkefni</p>

<p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri • Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda í vísindalega þekkingu • Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum • Útskýrt áhrif tækni 	<p>Hugarkort sem útskýra hin ýmsu hugtök tengd náttúruvísindum.</p>	<p>Hugarkort, vinnubók og könnun eftir hvern kafla</p>
<p>Vinnubrögð og færni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni • Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið • Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra • Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum munnlegum og skriflegum leiðbeiningum • Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota 	<p>Tilraunir úr bókinni. Prófa sig áfram að búa til skýrslu eftir athuganir sínar.</p>	<p>Skýrsla og vinnubók</p>

	bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur		
Að búa á jörðinni og lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> • Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi • Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist • Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs. • Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun • Lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu. • Úrskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu 	Nemendur afla sér upplýsinga um valin efni tengd efnafræði og útbúa plakat. Kynna verkefni sín fyrir bekknum.	Virgni, samvinna og vinnubók. Könnun eftir hvern kafla.
Náttúra Íslands og heilbrigði umhverfis	<ul style="list-style-type: none"> • Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi • Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér 	Upplýsingaöflun um fjörur og lífríki sjávar við Ísland. Verkefni unnin út frá því	Verkefni, vinnubók og kannanir

	<ul style="list-style-type: none"> • Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd • Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland 		
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> • Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi • Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar • Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra. 	Nemendur afli sér upplýsinga um íslenskar atvinnugreinar tengdar efnafræði eða sjávarútvegi.	Skýrslugerð, virkni og kannanir
<p>Námsgögn: Auðvitað, heimilið, Lífheimurinn 6.kafli og Blikur á lofti. Ýmsar fræðibækur, handbækur og myndbönd tengd námsefni.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikortið sitt.</p>			